

Arabía

Egilsgata 10



Húsið er 214 m² var byggt 1906 af Ara Þórðarsyni (1876-1942) kaupmanni. Ari hafði stundað búfræðinám á Hvanneyri, dvalist nokkuð í Borgarnesi og síðan siglt utan. Þegar hann kom heim aftur ákvað hann að reisa þar nýtt gistihús á horni Bröttugötu og Egilsgötu og þótti það mikið stórhýsi. Smíðinni lauk sumarið 1906. Gárungarnir nefndu húsið Arabíu, því þeim sýndist að ekki myndi allt sem í bestu lagi um fjárreiðurnar hjá eigandanum.

Ari sneri sér fljótlega að því að reka verslun í stað gistihúsarekstrarins en gekk ekki vel og hann seldi húsið 1907. Ári síðar gat hann keypt það aftur, en átti það hins vegar stutt í það skiptið og fluttist úr Borgarnesi. Á næstu árum gekk húsið kaupum og sölum milli manna, gjarnan á sama verðinu, 13.000 krónum.



Guðrún og Magnús ásamt tveimur barna sína, Kristjönu Margréti (f. 1912) og Gyðu (f. 1918).

Lengst af áttu hjónin Guðrún Guðmundsdóttir (1885-1958) og Magnús Ólafsson (1879-1974) heima í húsinu ásamt börnum sínum. Arabía var gerð fallega upp á upphafsárum 21. aldarinnar af núverandi eigendum sínum, Guðmundi Smára Valssyni og Hildi Hallkelsdóttur.

